

1968 nr. 27 25. apríl

Lög um íbúðarhúsnaði í eigu ríkisins

Tóku gildi 1. júlí 1968. Breytt með: L. 134/1996 (tóku gildi 30. des. 1996). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ Lög þessi taka til þess húsnaðis, sem notað er til íbúðar fyrir starfsmenn ríkisins og ríkið á að einhverju eða öllu leyti.

■ 2. gr.

□ Það skal vera meginregla, að ríkið leggi ekki starfsmönnum sínum til íbúðarhúsnaði, nema því aðeins, að þeir gegni störfum í þeim landshlutum, þar sem sérstakir staðhættir gera slíkt nauðsynlegt. Þó skal heimilt að leggja til húsnaði þeim starfsmönnum, sem vegna sérstakra gæslustarfa þurfa að búa á vinnustað.

■ 3. gr.

□ Hlutaðeigandi ráðherra ákveður í samráði við [ráðherra],¹⁾ hvar ríkið skuli leggja starfsmönnum til íbúðarhúsnaði samkvæmt lögum þessum, eftir þeim meginreglum um svæðaskiptingu, er settar verða í reglugerð, sbr. 11. gr.

□ [Par sem ákveðið er að leggja starfsmanni til húsnaði skal gera skriflegan húsaleigusamning á þar til gerðu eyðublaði, útgefnu af [ráðuneytinu].¹⁾ Slíkur leigumáli fellur niður án sérstakrar uppsagnar ef um leigjanda eiga við einhver þau atviki sem upp eru talin í 25. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Jafnframt fellur leigumáli niður án sérstakrar uppsagnar ef leigjandi segir starfinu upp eða er sagt upp á grundvelli gagnkvæms uppsagnarfrests í ráðningarsamningi eða vegna þess að fyrir fram umsöndum ráðningartíma er lokið. Ákvæði gildandi húsaleigulaga um uppsögn ótímabundins leigumála eiga við að öðru leyti.]²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 47. gr. ²⁾ L. 134/1996, 1. gr.

■ 4. gr.

□ Óheimilt er að byggja eða kaupa nýtt íbúðarhúsnaði samkvæmt lögum þessum, nema fé sé sérstaklega til þess veitt á fjárlögum og fyrir liggi samþykki hlutaðeigandi ráðherra um, að í byggingu eða kaup skuli ráðist.

■ 5. gr.

□ [Þeim starfsmönnum ríkisins, er hafa afnot íbúðarhúsnaðis samkvæmt lögum þessum, ber að greiða ríkissjóði leigu fyrir húsnaðið. Húsaleigugjaldið skal ákveðið með reglugerð og miðast við markaðsleigu. Þar sem eðlilegur húsaleigumarkaður er ekki fyrir hendi skal þó miða húsaleigu við brunabótamat, staðsetningu og notagildi. Heimilt er að setja í reglugerð viðmiðunarreglur um lágmark og hámark leigu sem taki breytingum eftir vísitölu.]¹⁾

¹⁾ L. 134/1996, 2. gr.

■ 6. gr.

□ Sé hluti af íbúðarhúsnaði starfsmanns notaður sem skrifstofu- eða starfshúsnaði í þágu ríkisins, greiðir hann enga húsaleigu af því húsnaði.

■ 7. gr.

□ Ríkissjóður greiðir alla skatta og skyldur, svo og viðhaldskostnað íbúðarhúsnaðis, sem að öllu leyti er eign ríkisins. Slíkan kostnað af íbúðarhúsnaði, sem er sameign ríkis og annarra aðila, greiðir ríkissjóður einungis í réttu hlutfalli við eignarhluta sinn.

□ Heimilt er að gera leigjanda íbúðarhúsnaðis samkvæmt lögum þessum að greiða viðhaldskostnað húsnaðis, sem er óeðlilega hár vegna illrar umgengni.

■ 8. gr.

□ Bygging og viðhald íbúðarhúsnaðis þeirra starfsmanna ríkisins, er lög þessi taka til, svo og endurbætur á því, skal innan ramma fjárlaga vera undir yfirstjórn þess ráðherra, er hlutaðeigandi starf heyrir undir.

■ 9. gr.

□ [Íbúðarhúsnaði í eigu ríkisins innan þeirra svæða þar sem eðlilegur markaður hefur skapast fyrir íbúðarhúsnaði til kaups eða leigu, sbr. reglugerð er sett verður skv. 11. gr., skal selja þegar í stað er númerandi leigutakar þess hverfa úr því eða láta af störfum. Heimilt er þó að fresta sölu ef slík frestu er bersýnilega hagkvæm fyrir ríkissjóð.]¹⁾

□ Sala fasteigna skv. 1. mgr. þessarar greinar skal fara eftir ákvæðum laga nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum, og reglum settum samkvæmt þeim.]¹⁾

¹⁾ L. 134/1996, 3. gr.

■ 10. gr.

□ Lög þessi taka hvorki til embættisseturs forseta Íslands á Bessastöðum, biskupsbústaðar í Reykjavík né bústaða sendiherra Íslands erlendis.

■ 11. gr.

□ [Ráðherra]¹⁾ setur með reglugerð²⁾ nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar að meðal um stærð, gerð og búnað íbúðarhúsnaðis, sem ríkið eignast eða kostar að einhverju leyti, svo og um eftirlit með slíku íbúðarhúsnaði og viðhald þess.

□ Í reglugerð skulu enn fremur sett ákvæði um úttekt á leiguhúsnaðinu við upphaf og lok leigutíma.

¹⁾ L. 126/2011, 47. gr. ²⁾ Rg. 480/1992.

■ [Ákvæði til bráðabirgða]

□ [Ráðherra]¹⁾ er heimilt án auglýsingar að selja ríkisstarfsmönnum með sérstökum kjörum það húsnaði sem þeir hafa nú á leigu og búi í, enda sé húseignin staðsett í byggðarkjarna með fleiri en 1.000 íbúum. Í þeim sérstöku kjörum felst að ríkissjóður láni allt að 30% kaupverðs. Lánin séu verðtryggð, með sömu vöxtum og húsbréf Húsnæðisstofnunar ríkisins, og til allt að 15 ára. Innlausnarskylda hvíli á eignunum í allt að fimm ár. Í reglugerð, sem sett verður skv. 11. gr., skal nánar kveðið á um framkvæmd þessa. Með sama hætti er ráðherra heimilt að selja slíkt húsnaði í byggðarkjörnum með færri en 1.000 íbúum ef þeir sem í húsnaðinu búa óska eftir kaupum.]²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 47. gr. ²⁾ L. 134/1996, 4. gr.